

Ed.

104. Frumvarp til laga

[78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er og heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðarstjórafélags og meðmælum sýslunefndar að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflytninga í þeim sýslum landsins, þar sem starfandi er eitt stéttarfélag vörubifreiðarstjóra, er hefur að félagssvæði alla sýsluna og ekkert umfram það. Taki félagssvæðið einnig til kaupstaðar, sem staðsettur er í sýslunni, skal heimil takmörkun vörubifreiðafjöldans á félagssvæðinu í heild, enda komi til meðmæli bæjarstjórnar og sýslunefndar. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflytninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðarstjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðarstjórafélagi, sem hefur heila sýslu eða sýslu og kaupstað að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra, og er efni frumvarpsins í samræmi við einróma ályktun, sem gerð var á þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra haustið 1962. Samkvæmt gildandi lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum er einungis heimilt að takmarka bifreiðafjöldann í kaupstöðunum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri. Að því er vörubifreiðarstjórastéttina snertir er þessi takmörkunarheimild ófullkomin og tillitslaus gagnvart félagslegu skipulagi stéttarinnar. Það er grundvallarregla, sem víðast hvar hefur verið framfylgt, að allir vörubifreiðarstjórar í sömu sýslu skuli vera í einu og sama stéttarfélagi og sé sýslan öll vinnusvæði þeirra. Þar sem kaupstaður er staðsettur innan sýslunnar, er það venja, að vörubifreiðarstjórnir í sýslunni og kaupstaðnum séu saman í einu félagi, og er þá kaupstaðurinn og sýslan sameiginlegt vinnusvæði þeirra allra.

Frumvarp þetta stefnir að því að gera þá breytingu á lögnum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, að heimildin til takmörkunar á fjölda vöruflytningabifreiða verði sem mest miðuð við félags- og vinnusvæðin í heild, en það er nauðsynlegt, til þess að verulegt gagn sé að þessari heimild fyrir vörubifreiðarstjórana og samtök þeirra. Eftir gildandi lögum er einungis unnt að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflytninga í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum, en í rauninni er það út í hött að framkvæma slíka takmörkun í þeim mörgu tilfellum, þar sem kaupstaðir eða kauptún eru aðeins hluti af miklu stærra félags- og vinnusvæði. Úr þessum annmörkum er frumvarpinu ætlað að bæta með því að leyfa takmörkun vörubifreiðafjöldans í heilli sýslu eða sýslu og kaupstað saman, þegar um er að ræða eitt samfellt félagssvæði, enda verði þá eigi heimilt að beita hinni sérstöku takmörkun gildandi laga fyrir kaupstaði og kauptún innan þessara svæða.